

Frumvarp til laga

um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfs-eignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

I. KAFLI

Skráning hlutafélaga.

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, sbr. lög nr. 41/1997.

1. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. og 3. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 147. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
- b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

II. KAFLI

Skráning einkahlutafélaga.

Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, sbr. lög nr. 43/1997.

3. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. og 3. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
- b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

III. KAFLI

Skráning samvinnufélaga.

Breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, sbr. lög nr. 44/1997.

5. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 1. og 2. másl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
- b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

7. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Fjármálaráðherra.

IV. KAFLI

Skráning sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur.

Breyting á lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999.

8. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 1. og 2. másl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
- b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

V. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.